

# Námskrá Tónlistarskólans á Akranes

**Tónlistarskólinn á Akranesi býður upp á nám í hljóðfæraleik og söng fyrir allan aldur. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám, samspil og tónleikahald, sem og samstarf við aðra skóla og menningarstofnanir.**

Skólanámskrá Tónlistarskólans á Akranesi er ætlað að skilgreina hlutverk og markmið skólans og að vera jafnframt almennt upplýsingarit fyrir nemendur og forráðamenn. Námskráin tekur mið af stefnumörkun [Aðalnámskrár tónlistarskóla](#).

Tónlistarskólinn á Akranesi starfar samkvæmt [lögum um tónlistarskóla nr. 75/1985](#) og Aðalnámskrá tónlistarskóla. Skólinn heyrir undir Mennta- og menningarsvið Akraneskaupstaðar og í gildi er samstarfssamningur við Hvalfjarðarsveit sem gerir íbúum Hvalfjarðarsveitar kleift að stunda nám við skólann til jafns á við íbúa Akraneskaupstaðar.

## Hlutverk

Í stefnumörkun fyrir Tónlistarskólann á Akranesi frá árinu 1996 segir:

*Hlutverk Tónlistarskólans á Akranesi er að stuðla að öfluggu tónlistarlífi, jafnframt því að vinna að aukinni hæfni, þekkingu og þroska einstaklinga. Áhersla skal lögð á að skólinn þjóni öllum þeim sem eftir tónlistarnámi sækjast án tillits til aldurs, enn fremur ber skólanum að taka tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska.*

Í samræmi við þessa stefnumörkun er hlutverk skólans:

- að stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist, ásamt því að hlusta á og njóta hennar
- að stuðla að auknu tónlistarlífi á Akranesi í samvinnu við aðrar mennta- og menningarstofnanir
- að stuðla að jöfnu aðgengi að tónlistarnámi, óháð aldri, atgervi eða efnahag

## Leiðarljós

Eftirfarandi gildi eru leiðarljós starfsemi Tónlistarskólans á Akranesi:

### Fagmennska

Tónlistarkennarar við skólann sinna starfi sínu af metnaði og fagmennsku. Allt starf skólans sé jafnframt skipulagt á faglegan hátt og dagleg samskipti starfsfólks, nemenda og forráðamanna einkennist af virðingu og jákvæðni.

### Virðing og jafnrétti

Samskipti og samvinna einkennist af virðingu. Engum sé mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar, trúar, lífsskoðunar, kynvitundar, kynhneigðar, fötlunar eða aldurs.

### Sköpun

Lögð sé áhersla á sköpun í fjölbreyttri mynd þannig að nemendur séu hvattir til að skapa sjálfir tónlist og þjálfri jafnframt spuna í tónlist. Áhersla er á skapandi vinnu

með hverjum og einum nemanda þar sem hann er staddur og í samspili en einnig í öllu starfi skólans. Til að mynda hvað varðar tónleika- og námskeiðahald, samstarf við aðila utan skólans o.s.frv.

### **Samvinna**

Innan skólans sé skapað andrúmsloft samstarfs og samvinnu: milli kennara, nemenda, mismunandi hljóðfærahópa og söngvara. Samspil, samsöngur og tónleikahald er stór þáttur í skólastarfinu.

### **Ábyrgð**

Skólinn leggi áherslu á að miðla til nemenda ábyrgð á eigin námi sem og ábyrgð gagnvart öðrum í tengslum við samspil og tónleikahald.

**Nærum hugann hugsum stórt!** Grunnur gilda og stefnu skólans byggja auk þess á menntastefnu Akraneskaupstaðar fyrir 2024-

2030 [https://www.akranes.is/static/files/4.Skoli/menntastefna\\_samthykkt-i-baejarstjorn-28.5.2024.pdf](https://www.akranes.is/static/files/4.Skoli/menntastefna_samthykkt-i-baejarstjorn-28.5.2024.pdf)

## **Námsgreinar og kennsluhættir**

Tónlistarskólinn á Akranesi leggur metnað í að bjóða upp á fjölbreytt nám í söng og hljóðfæraleik. Framboð á námi er þó að nokkru leyti háð því hvaða kennarar starfa við skólann hverju sinni. Í söng- og píanónámi er hægt að velja áherslu á rytmískt eða klassískt nám. Alla jafna er námsframboð sem hér segir:

- Píanó (rytmískt og klassískt nám)
- Harmonikka
- Orgel
- Klassískur gítar
- Rafgítar
- Rafbassi
- Trommur og slagverk
- Söngur (rytmískt og klassískt nám)
- Fiðla
- Lágfiðla
- Selló
- Þverflauta
- Klarinett
- Saxófónn
- Trompet
- Horn
- Básúna
- Túba
- Samspil og hljómsveitir
- Tónsmíðar og spuni
- Tónfræði og tónheyrn

Almennt er miðað við að börn séu komin í 3. bekk grunnskóla þegar þau hefja nám í hljóðfæraleik.

Skólinn býður bæði upp á klassískt og rytmískt nám. Klassískt nám byggir á hefðbundinni aðferð þar sem nemandinn tileinkar sér ákveðna tækni, leikni og nótnalestur. Hægt er kynna sér frekari námskrá fyrir hvert og eitt hljóðfæri, en hægt er að nálgast þær upplýsingar á heimasíðu skólans. Rytmíska námið byggir á talsvert annarri nálgun, með spuna og hljómalestri, til glöggvunar er gott að kynna sér það í rytmísku námskránni, en hana má finna hér: [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnamskra\\_ton\\_rytmisk\\_tonlist\\_2010.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnamskra_ton_rytmisk_tonlist_2010.pdf)

Fyrir börn á leikskólaaldri er boðið upp á Suzuki-nám á fiðlu og lágfiðlu (violu) en það byggir á móðurmálsaðferðinni Hér er hlekkur (reyndar á ensku) með upplýsingum um suzukinám: <https://toska.is/wp-content/uploads/2026/04/Suzuki-texti-Toska.pdf>

Skólinn býður auk þess oft upp á námskeið sem eru þá auglýst sérstaklega en eru ekki hluti af hefðbundnu námsframboði. T.d. hefur skólinn boðið upp á Krílanámskeið, suzuki-námskeið og söngleikjanámskeið.

Nemendur í fyrsta og öðrum bekk grunnskóla eru hvattir til þess að sækja nám í forskóla. Þar er nemendum kennt í litlum hópum og þau fá tækifæri til þess að kynna hljóðfærum með það fyrir augum að velja sér hljóðfæri fyrir almennt hljóðfæranám.

## Fyrirkomulag kennslu

**Forskóli I:** Nám fyrir börn í 1. bekk grunnskóla, 40 mínútna hóptími í viku 4-6 börn í hóp. Áhersla á söng, rytma, hljóðfærakynningar og einfaldan nótnalestur. Þegar líður á námið er leikið á einföld hljóðfæri eins og hljóðstafi, tréspil og blokkflautur.

**Forskóli II:** Nám fyrir börn í 2. bekk grunnskóla. 40 mínútna hóptímar og einn 20 mínútna einkatími á hljóðfæri á viku. Nemendur velja sér hljóðfæri.

**Almennt hljóðfæranám:** Kennnt er í einkatímum, annað hvort 30 mínútur á viku (hálf námið) eða 60 mínútur (heilt nám). Eindregið er hvatt til þess að nemendur sem komnir eru af byrjendastigi stundi heilt nám. Lengra komnir hljóðfæranemendur geta fengið reglulega tíma með meðleikara.

**Söngnám:** Söngnemendur geta einnig valið milli þess að stunda heilt eða hálf námið (60 eða 30 mínútur á viku). Auk þess fá söngnemendur sem komnir eru áleiðis í náminu einn tíma á viku með píanóleikara í meðleik, lengd tímans fer eftir námsstigi nemanda. Söngnemendur hvers söngkennara hittast einnig einu sinni í viku og syngja hvert fyrir annað með meðleikara í samsöngstímum.

**Tónfræði og tónheyrn:** Allir nemendur, frá og með 6. bekk, sækja tíma í tónfræði og tónheyrn samkvæmt sínu námsstigi, eina kennslustund á viku eða fleiri á efri stigum.

**Samspil og hljómsveitir:** Nemendur eiga kost á því að koma saman og spila í smærri hópum/böndum eða föstum hljómsveitum skólans. Skólinn lítur svo á að það eigi að vera hluti af námi nemandans.

## Tónleikahald

Miðað er við að hver nemandi komi fram á a.m.k. tveimur viðburðum yfir skólaárið. Fjölbreytt tónleikahald er innan skólans, allt frá stuttum tónfundum upp í stórtónleika sem fluttir eru fyrir fullu húsi. Þátttaka nemanda í viðburðum og tónleikum er ákveðin í samráði kennara, nemanda og, eftir atvikum, forráðamanna fyrir nemendur yngri en 18 ára.

### Kennsluhættir tónlistarskólans einkennast af eftirfarandi þáttum:

- Einstaklings- og hópkenntla
- Samspilsverkefni
- Verkefna- og áhugasviðsmiðað nám<sup>1</sup>
- Reglulegir nemendatónleikar
- Gott foreldrasamráð
- Notkun stafrænnar tækni

## Skipulag náms

Öll kenntla í tónlistarskólanum tekur mið af aðalnámskrá og greinanámskrám tónlistarskóla. Námið er þrepaskipt í grunnám, miðám og framhaldsnám. Að framhaldsprófi loknu eiga nemendur að vera í stakk búnir til þess að hefja tónlistarnám á háskólastigi. Við lok hvers þreps taka nemendur áfangapróf, sem metið er af viðurkenndum prófdómara frá Prófanefnd Tónlistarskólanna. Auk þess að taka próf í tónfræði og tónheyrn. Samræmt próf í tónfræðigreinum er tekið í miðnámi fyrir alla nemendur sem taka það próf. Nemendur stunda yfirleitt nám í nokkur ár á hverju þrepi og því fer árlegt námsmat fram með öðrum hætti innan skólans, sjá kafla *Námsmat og skólareglur* hér að neðan.

Áherslur innan hvers þreps eru eftirfarandi:

### Grunnám

- Undirstöðutækni
- Nótnalestur og hrynjandi
- Hóptímar
- Reglulegt tónleikahald

### Miðám

- Auknar tækniröfur
- Samræmt próf í tónfræðigreinum
- Virk þátttaka í samspili
- Meiri fjölbreytni í verkefnavali

### Framhaldsnám

- Sérhæfð og markviss þjálfun
- Undirbúningur fyrir tónlistarnám á háskólastigi
- Sjálfstæðir tónleikar
- Lokapróf og útskrift

---

<sup>1</sup> Verkefnamiðað eða nemendamiðað nám hefur það markmið að nemendur tengi betur við og sjái tilgang í því sem þeir gera. Einnig er lögð mikil áhersla á að verkefnin séu sýnileg og hafi góða tengingu við nærsamfélagið.

## Aðbúnaður

Í skólanum eru 15 kennslustofur, þar af ein tónfræðistofa og ein hljómsveitarstofa. Tónleikar skólans fara fram í tónleikasalnum Tónbergi, sem tekur um 180 manns í sæti. Yngri grunnskólanemendum er kennt á skólatíma í grunnskólunum og hefur skólinn tvær stofur í hvorum grunnskóla Akraness til afnota auk aðstöðu í Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit. Tónlistarskólinn er ágætlega tækjum búinn en stöðugt er unnið að því að bæta hljóðfærakost og aðbúnað eftir því sem fjármagn leyfir.

## Námsmat og skólareglur

Námsmat er mismunandi eftir því hvar nemandi er staddur í námi sínu og með hvaða hætti hann hefur tekið þátt í tónleikahaldi skólaársins. Námsmat getur því byggst á:

- Leiðsagnarmati/umsögn frá kennara sem byggir á frammistöðu nemandans yfir skólaárið
- Tónleikahaldi
- Vorprófi
- Stigsprófi innan skólans
- Áfangaprófi

### Nánar um námsmat

Þegar nemandi hefur náð ákveðinni færni í söng- eða hljóðfæranámi fer hann í áfangapróf. Áfangapróf byggja á aðalnámskrá tónlistarskóla og eru dæmd af utanaðkomandi prófdómara. Almenn er miðað við að nemandi útskrifist úr almennum tónlistarskóla við framhaldspróf. Á milli áfangaprófa heldur skólinn stigspróf innanhúss, sem eru byggð upp á svipaðan hátt og áfangaprófin, til þess að undirbúa nemendur fyrir næsta áfangapróf.

Þau ár sem nemandi tekur ekki þessi umfangsmeiri áfanga- eða stigspróf, tekur hann vorpróf. Stigspróf (sem eru stærri vörður að áfangaprófum) eða fær tónleika eða annað verkefni metið. Þar að auki metur kennari hversu virkur nemandi er í námi, tónleikahaldi og öðrum verkefnum og skrifar umsögn/leiðsagnarmat fyrir vitnisburð að vori. Nemendur frá og með 6. bekk grunnskóla stunda einnig nám í tónfræðagreinum og taka próf samkvæmt framvindu, einnig áfangapróf.

### Vitnisburður

Að loknum vorprófum, stigs- og áfangaprófum fá nemendur vitnisburð. Prófdómari gefur einkunn og umsögn um prófið, kennari skrifar almenna umsögn eftir nám vetrarins. Öll áfanga- og stigsprófsskírteini eru afhent nemendum á skólaslitum en vitnisburður eftir vorprófi eða sambærilegt námsmat eru birtir í rafrænt nemendaumsjónarkerfinu og eru aðgengileg nemendum og forráðafólki þar. Hægt er að hafa samband við skrifstofu og fá vitnisburðinn prentaðan út.

## Skólareglur Tónlistarskólans á Akranesi

- Nemendum ber að sýna samnemendum sínum, kennurum og starfsfólki skólans fyllstu kurteisi.
- Nemendum ber að mæta stundvíslega í kennslustundir og tilkynna forföll eins fljótt og hægt er.
- Nemendum ber að ganga vel um húsnæði og eigur skólans.

### Ástundun

Nemendum ber að sinna náminu af kostgæfni. Almennt er mætingarskylda í öllu námi í skólanum. Börn og unglingar þurfa á aðstoð og stuðningi forráðamanna að halda við að skipuleggja og stunda tónlistarnám. Eftirfarandi texti er tilvitnun í Aðalnámskrá:

*„Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli foreldra/forráðamanna og starfsfólks skóla stuðlar að trausti milli aðila. Með auknum kynnum foreldra/forráðamanna af daglegu starfi í tónlistarskólanum og skipulegri samvinnu sum skólastarfið, t.d. í tengslum við heimanám, aukast líkur á vellíðan nemenda og góðum árangri.“*

### Forföll

Bæði nemendur og kennarar skulu tilkynna forföll eins tímanlega og hægt er.

Forfallist kennari ber honum að bæta kennsluna upp nema þegar um veikindi er að ræða eða skipulagða þætti skólastarfsins svo sem tónleikadaga eða starfsdaga. Fari forföll kennara fram yfir tvær vikur þá er útvegaður forfallakennari eða forföllunum mætt með öðrum hætti.

Forfallist nemandi ber kennara ekki að bæta upp kennslu.

### Ófærð/óveður

Komist kennari ekki til kennslu vegna óveðurs/ófærðar er boðið upp á fjartíma eða að kennari sendir nemanda verkefni til að vinna í staðinn fyrir þann tíma sem fellur niður. Kennara ber ekki að bæta upp stað-tíma ef rauð eða appelsínugul viðvörðun hindrar að hann komist til vinnu, eða ef nemandi kemst ekki af sömu ástæðum.

## Nánari upplýsingar

### Skrifstofa skólans

Opnunartími skrifstofu er frá 12:00-16:00 mánudaga til miðvikudaga og 9:00-12.00 á fimmtudögum og föstudögum. Netfang er [toska@toska.is](mailto:toska@toska.is) og sími er 4331900

**Heimasíðan er [toska.is](http://toska.is), youtuberásin Tónlistarskólinn á Akranesi, fésbókarsíðan er Tónlistarskólinn á Akranesi og einnig erum við [toska\\_akranes](https://www.instagram.com/toska_akranes) á instagram.**

### Starfsfólk

Við skólann eru tæplega 15 stöðugildi kennara en fjöldi kennara er þó iðulega meiri þar sem þó nokkrir eru í hlutastarfi. Einnig eru starfandi við skólann skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar. Skólaritari og ræstitæknir starfa einnig við skólann.

### Starfstími og starfsáætlun

Tónlistarskólinn starfar í 35 vikur á ári. Starfsáætlun má sjá í skóladagatali hvers skólaárs: [Skóladagatal 2025-2026](#). (þarf að endurskoða)